

Fundar trúnaðarmanna hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum

11.11. 2025 kl. 8.30 – 10.00 Grettisgötu 89 og á Teams

Dagskrá:

1. Áminningaskyldan og viðhorf stéttarfélaganna í umræðunni.
2. Kjaramál Starfsmat
3. Spjall um lagabreytingar og stefnu félagsins.
4. Önnur mál.

1. Áminningaskyldan og viðhorf stéttarfélaganna í umræðunni.

Kári Sigurðsson, formaður Sameykis stýrði fundinum.

Kári talaði um að nú væri ríkisstjórnin með í vinnslu frumvarp um breyta lögum um réttindi og skyldur þannig að afnema eigi áminningarskyldu gagnvart ríkisstarfamönnum. Það er ljóst að ef þessar breytingar á lögum fara í gegn um þingið þá munu borgar og bæjarstarfsmenn, sem eru með þessi ákvæði í kjarasamningi, verða undir miklum þrýstingi frá samningsaðilum um að breyta kjarasamningi en þeir verða lausir í mars 2028.

Kári las upp [umsögn sem Sameyki sendi í samráðsgátt](#) stjórnvalda vegna málsins. Hann sagði að stjórnendur vinnustaða færu stundum ekki eftir áminningarferlinu sem skapaði fjölbreyttan vanda. Þá sagði Kári dæmi væri um að stjórnendur settu sér sínar eigin reglur á vinnustöðum þar sem lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna væri ekki fylgt og því væri vandinn oftast en ekki stjórnendavandi. Hann taldi að vandinn færi ekki við það að afnema áminningarskylduna.

Orðræðan um að opinberir starfsmenn njóti óeðlilegs starfsöryggis hefur fengið að grassera í samfélaginu og umræðan ítrekað verið dregin á villigötur. Umræða skaðar ímynd starfsfólks sem heldur uppi grunnstöðum samfélagsins og þannig er á sama tíma vegið að trausti almennings til hins opinbera. Raunverulegi vandinn sem ríkið stendur frammi fyrir er mannekla og ættu stjórnvöld að beina kröftum sínum að því að bæta starfsumhverfi, laða að og halda í starfsfólk, fremur en að gera atlögu að réttindum þess segir í umsögninni.

Kári hvetur alla trúnaðarmenn til þess að taka þátt í umræðunni og benda á það sem er rétt í málinu.

Kári segir að það séu samræmdir verkferlar hjá Reykjavíkurborg en hjá ríkinu sé misjafnt verklag.

Miklar umræður sköpuðust um málið.

2. Kjaramál – Starfsmat.

Ingólfur deildarstjóri kjaradeildar sagði frá þeirri vinnu sem er í gangi í starfsmatshópnum hjá Reykjavíkurborg og stéttarfélögunum.

Það stendur nú yfir þverkeyrsla á störfum, þ.e. það er verið að skoða þvert á starfstaði og svið hjá Reykjavíkurborg.

Miklar breytingar hafa orðið síðustu ár á störfum t.d. vegna setningu

Farslæðarlaga því er þörf á að störf sem falla undir þau lög fari í endurmat.

Skoða þarf hvort starfslýsinar starfa séu réttar. Gott að fólk athugi hvað er langt síðan starf fór í endurmat.

Ingólfur fór inn á síðu starfsmatsins <https://starfsmat.is/> sem Verkefnastofa starfsmats heldur utan um. Þar má finna gagnlegar upplýsingar um mat á störfum eftir sviðum.

Spurt var um hvort hægt væri að sjá á netinu hvenær síðasta mat á starfi fór fram en Ingólfur sagði að kjaradeildin væri með skjal yfir það en það væri ekki aðgengilegt á netinu.

Miklar umræður voru um starfsmatið.

Spurt var um mati til launa á þáttum sem ekki er krafist í starfi. Ingólfur benti á ákvæði í kjarasamningi sem varða þá sem starfa í búsetuþjónustu sem metur þyngd þjónustunnar eftir SIS mati og koma þá lfl. ofan á grunnlaunin. Bókun 6 í heildar kjarasamningi. En það sé mat stjórnenda og í sumum tilfellum væri hægt að nota gr. 1.1.3 um Önnur laun.

Spurning um breytingar á mati starfa, starfsheiti væru jafnvel lögð niður og fólk með minni ábyrgð væri komið í sömu laun þetta gerðist á Seltjarnarnesi. Ingólfur sagði að við ættum ekki fulltrúa í nefndinn við sveitarfélögin og hann væri hræddur um að við fengjum ekki allta allar upplýsingar um það sem gerist þar. Þrátt fyrir að Reykjavíkurborg og sveitarfélögin séu að nota sama starfsmatskerfið þá eru stig úr starfsmati ekki tengd á sama hátt við launatöflu.

Kári sagði að starfsmatið væri á engann hátt fullkomið en hann telur starfsmat vera bestu leiðina sem við höfum til þess að ákvarða röðun starfa og að stofnanasamningar sé kerfið sem ríkið notar sé ekki að virka til þess að finna sanngjarna launaröðun. Jafnrétti milli kynja hafi náðst betur hjá borg og bæjarfélögum með notkun starfsmats.

3. Spjall um lagabreytingar og stefnu félagsins.

Því miður gafst ekki tími til þess að ræða þennan lið á fundinum en lagabreytingar verða á fundi Trúnaðarmannaráðs síðar í mánuðinum.

4. Önnur mál.

Jakobína deildarstjóri félagsdeildar minnti á Stofnun ársins og bréf sem hafði verið sent trúnaðarmönnum fyrr í þessum mánuði þar sem óskað er eftir að trúnaðarmenn hvetji til þátttöku í könnuninni. Könnuninni er hægt að svara einnig á ensku og pólsku.

Hún hvatti einnig trúnaðarmenn til þess að taka frá tíma 12. febrúar til þess að taka þátt í málþingi og hátíðinni Stofnun ársins.

Fundi lauk kl. 10

25 voru mættir í sal og 38 tóku þátt í gegn um Teams.